Qualified Electronic Signature
GUÐBJÖRG STELLA ÁRNADÓTTIR
2023-01-16 15:38:37 GMT
GoPro

Qualified Electronic Signature
KRISTÍN ÞORSTEINSDÓTTIR KRÖYER
2023-01-16 15:59:15 GMT
GoPro

UMHVERFIS STOFNUN

Olíudreifing ehf
Hólmaslóð 8 - 10
101 Reykjavík

Akureyri, 16. janúar 2023
UST202301-054/G.S.Á.
08.06.02

**Efni: Þykktarmæling 2022 - Olíudreifing ehf., Reyðarfirði, geymir nr. 7, T1074**

Umhverfisstofnun barst þann 3. janúar 2023, þykktar- og segulsviðsmælingar á olíugeymi Olíudreifingar ehf., Reyðarfirði. Geymirinn er merktur nr. 7, hefur fastanúmerið T1074 og eigendanúmerið 730.07.00, og er staðsettur í olíubirgðastöð rekstraraðila við Óseyri, Reyðarfirði. Geymirinn er standandi stálgeymir smíðaður árið 1976.

Þykktarmælingar framkvæmdu Gísli Arnar Guðmundsson og Andre Sandö hjá HD ehf., Kópavogi, þann 9. nóvember 2022. Notaður var Olympus 45MG hátíðniþykktarmælir (ultrasonic thickness gage), 5 MHz mælir, ser#130177407. Kvörðunarklossar mælisins eru á bilinu 3 – 18 mm. Var botn geymisins mældur ásamt neðsta umfari.

Fram kemur í skýrslu HD ehf., að geymirinn sé ómálaður að innan. Hann sé í góðu ásigkomulagi að innanverðu og að gólfið hafi verið endurnýjað nýlega. Geymirinn lítur vel út að utan.
Meðfylgjandi er skýrsla HD ehf. um þykktarmælingar geymisins.

**Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við áframhaldandi notkun á geyminum. Botnþykktarmæla skal eigi sjaldnar en á 10 ára fresti.**

Virðingarfyllst

Guðbjörg Stella Árnadóttir
***Sérfræðingur***

Kristín Kröyer
***Sérfræðingur***